



Ársskýrsla 2014





Efnisyfirlit

1. Stjórn og skrifstofa	3
2. Skátafélögin	3
Skátastarf í Reykjavík 2014	4
Skátamót og viðburðir	4
Útilífsskólar	4
3. Verkefni SSR	5
Reykjavíkurborg – Stuðningur og bakhjarl	5
Þjónustusamningur	5
Samstarf við BÍS – Stuðningur við skátastarf í Reykjavík	6
Húsnæðismál skátafélaga	6
Starfssvæði skáta í borginni	6
4. Fastaráð og fulltrúar	6
Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni	7
Minjanefnd	8
Hafravatnsráð	8
Friðrikskapella og Árbæjarsafn	8
5. Viðburðir	9
Sumardagurinn fyrsti 2014	9
17. júní.	9
Barnamenningarhátíð	10
6. Ársreikningar og fjármál	10
Skátaland	11
7. Lokaorð og þakkir	11



Skátasamband Reykjavíkur | Ársskýrsla 2014

Skátasamband Reykjavíkur var stofnað 25. nóvember 1963. Tilgangur þess er að vera samband og samstarfsvettvangur skátafélaganna í Reykjavík og málssvari þeirra.

1. Stjórn og skrifstofa

Á aðalfundi SSR þann 24. mars 2014 urðu litlar breytingar á stjórn SSR en Valborg Sigrún Jónsdóttir úr Árbúum kom ný inn í stjórn og Haukur Haraldsson var endurkjörinn í embætti varaformanns.

Stjórnin hélt 20 stjórnarfundum á árinu. Auk þess tóku stjórnar-meðlimir þátt í ýmsum öðrum fundum bæði á vegum Úlfliótsvatnsráðs, BÍS, með fulltrúum ÍTR og með félagsforingjum, fastaráðum og einstökum félagsstjórnunum.

Verkefnastjóri SSR árið 2014 var Jón Andri Helgason. Skrifstofa SSR er nú staðsett í Skátamiðstöðinni á neðri hæð, en við sölu á hlut SSR til BÍS í efri hæð skátamiðstöðvarinnar flutti skrifstofan á árinu. Gengið er inn sunnan megin við hlið skátaheimilis Árbúa. Þar hefur Verkefnastjóri aðsetur og sinnir verkefnum í samráði við stjórn. Einnig sinnir hann Skátalandi sem er fjáröflun fyrir SSR.

Vefsíða SSR www.ssr.is gefur upplýsingar um starfið.

Verkefnastjóri heldur utan um vefsíðuna og eru ábendingar vel þegnar.

Stjórn SSR:

Hrönn Þormóðsdóttir, formaður
Haukur Haraldsson, varaformaður
Arthur Pétursson, gjaldkeri
Valborg Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi
Sigurður Már Ólafsson, meðstjórnandi
(hefur verið í hléi frá stjórnarstörfum allt árið 2014)

Starfsmenn:

Jón Andri Helgason, verkefnastjóri
Sonja Kjartansdóttir, bókarí

Skóðunarmenn (kjörnir á Aðalfundi til eins árs):

Hanna Guðmundsdóttir
Endurskoðunarskrifstofan Skattur og bókhald,
löggitur endurskoðandi

Upptillingarnefnd (kjörin á Aðalfundi til eins árs):

Helgi Jónsson, formaður
Gunnlaugur Bragi Björnsson
Jóhanna Þorleifsdóttir

Laganefnd (kjörin á Aðalfundi til eins árs):


Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, formaður
Arnlaugur Guðmundsson
Sigurjón Einarsson

2. Skátafélögin

Skátafélögin í Reykjavík eru 8 og voru öll með virka stjórn árið 2014 fyrir utan eitt. Þó sá fyrir endann á „stjórnsleysinu“ í lok ársins og í byrjun þessa árs hittist sjö manna hópur skáta sem voru tilbúin að taka verkefnið að sér og hófu þau formlegt starf á aðalfundi Hamars 12. mars 2015. Þess ber þó að geta að Írena Játvarðsdóttir, Kristín Áskelsdóttir og Birta Baldursdóttir, allar úr Hamri hafa haldið starfinu gangandi allan þennan tíma og ber að þakka fyrir það. Hvert Skátafélag starfar sem sjálfstæð eining innan hreyfingarinnar með hefðbundna félagsstjórn. Allt starf innan félaganna er unnið í sjálfböðavinnu utan þess að hluti af styrk Reykjavíkurborgar til skátastarfs í Reykjavík fer til að greiða lítið starfshlutfall sem tryggja á að fullorðinn sé í Skátaheimilunum þegar fundir eru haldnir. Þetta skapar vissulega ákveðið öryggi en starf þessa einstaklings fer yfirleitt langt umfram það sem greitt er fyrir. Þetta veldur því að stundum eru skátar yfirkeyrðir á vinnu fyrir félögin og láta af störfum og erfitt getur verið að fylla í skarðið þar sem t.d. skátar í háskólanámi sækja frekar í betur launuð störf með minni ábyrgð.

Skátastarfið er mikilvægt í samfélagi eins og okkar. Þar er lögð áhersla á að einstaklingurinn fái tækifæri til að bera ábyrgð og þroska sjálfan sig við leik úti í náttúrunni og í samskiptum við aðra á öllum aldri því þegar barnið kemur inn í hreyfinguna er það oftast yngst og tekur þátt í verkefnum með jafnöldrum sínum og þeim sem eru eldri. Skátinn vex síðan í starfinu tekur smátt og smátt meiri ábyrgð á verkefnunum og þeim sem eru yngri. Skátinn fær tækifæri til að gera það sem áhugi hans beinist að sem getur tengst skipulagsvinnu, stjórnun, tónlist, útivist, klifri, fjallamennsku, halda skátamót, fararstjórn á mót hér heima eða erlendis, flokksstjórn, sveitarstjórn eða félagsstjórn svo eitthvað sé nefnt. Skátarnir sækja ýmis námskeið tengt öllum þessum þáttum og æðsta námskeiðið í hreyfingunni er Gilwell námskeið sem mjög margir eldri skátar hafa farið í gegnum. Í gegnum tíðina höfum við séð marga skáta taka þátt í svipuðum störfum á öðrum vettvangi í samfélaginu þar sem þau hafa nýtt reynslu og þekkingu úr skátastarfi.

Margir skátar skila sér inn í Hjálparveit skáta í Reykjavík þar sem skipulag starfs er að einhverju leyti svipað og sagt er að auðvelt sé fyrir skáta að aðlagast starfi HSSR vegna reynslu þeirra úr skátastarfi.



Skátastarf í Reykjavík 2014

Árið var skemmtilegt og viðburðaríkt hjá skátum í Reykjavík. Góð þátttaka var í sameiginlegum viðburðum á landsvísi og voru skátar frá Reykjavík áberandi við stjórnun og framkvæmd þessara viðburða. Öll skátafélög í Reykjavík eru nú að vinna eftir nýrri skátadagskrá. Almenn starfsemi félaga er í meginráttum þrískipt þar sem skiptast á funda- og félagsstörf, fræðsla og útilíf. Fræðsla er grundvallarþáttur í skátastarfi enda er stefna hreyfingarinnar að ná ákveðnum uppeldismarkmiðum, þjálfa skáta í samvinnu og efla félagsþroska ekki síst með því að fá einstaklingum í hendur ábyrgð og efla þroska þeirra með skilgreindum verkefnum. Verkefni þessi beinast einkum að skilningi á náttúru landsins, eflingu hvers einstaklings til þess að bjarga sér sjálfur, hvort sem er í hópi eða einsamall í óbyggðum. Áhersla er lögð á, og það skilgreint sem viðfangsefni skáta, allt eftir aldri og hæfileikum, að þeir þjálfist í að taka sameiginlegar ákvarðanir og vinna í lýðræðislegu samfélagi. Ferlið er í stórum dráttum undirbúningur, framkvæmd og endurmat.

Nánast allt starf skátafélaganna í Reykjavík er unnið í ólaunaðri sjálfböðavinnu og þar af leiðandi verða alltaf nokkrar sveiflur í skátastarfi í kjölfar þess er mannaskipti verða. Þeim fjölmörgu forystumönnum skátafélaganna sem ævinlega eru boðnir og búnir til starfa í sjálfböðavinnu verður seint fullþakkað fyrir þeirra óeigingjarna starf.

Skátamót og viðburðir

Skátar í Reykjavík voru duglegir við að sækja skátamót bæði hérlandis og erlendis og toppurinn á ísjakanum í ár var Landsmót Skáta sem haldið var á Hömrum í júlí. Tæplega 200 skátar úr Reykjavík voru þátttakendur á mótinu og um 500 manns kom að undirbúningi, framkvæmd eða sótti mótið sem hluti af baklandi Reykjavíkur-skátafélaganna og dvaldi í fjölskyldubúðum. Önnur mót sem skátar í Reykjavík sóttu á árinu voru Vetraráskorun Crean, á norðurlóðum, Vormót Hraunbúa, Drekkaskátamót, Landsmót 40+, og svo Landnemamót í Viðey sem skátafélagið Landnemar standa fyrir ár hvert.

Útilífsskólar

Sumarið 2014 voru starfræktir Útilífsskólar skáta á 8 stöðum í Reykjavík. Þ.e. hjá Segli, Skjöldungum, Landnemunum, Hamri, Haförnum, Garðbúum, Árbúum og í Grafarholti í umsjón Árbúa.

Aðsókn var nokkuð misjöfn eftir hverfum og fækkun frá árinu 2013. Allir skólarnir notuðu sama skipulag þ.e. tveggja vikna námskeið með útilegu í seinni vikunni. Keyrð voru 3 slík námskeið og eitt vikunámskeið án útilegu í lok sumars. Útilegurnar eru eitt af aðalatriðum námskeiðanna og var farið að Hafravatni, á Viðistaðatún í Hafnarfirði og í Lækjarbotna. Við Hafravatn þarf að bæta aðstöðuna ef Útilífsskólarnir ætla að sækja þennan skemmtilega stað. Engin salerni eða hreinlætisaðstaða er á svæðinu en í staðinn eru leigð ferðasalarnir til að þjónusta útilegurnar en það er engan vegin ásættanlega lausn með þennan fjölda af skátum í útilegu. Þá föstudaga sem ekki var farið í útilegu var boðið upp á sameiginlega dagskrá allra útilífsskólanna. Samstarf milli skólastjóra útilífsskólanna og verkefnastjóra SSR var þökkalegt en verkefnastjóri sá um að bóka og panta rútur, pylsur og djús fyrir útilegurnar. Einnig sá hann um samskipti við Vífil um lán á kanóum. Útilífsskólarnir voru duglegir að heimsækja skátamiðstöðina og fara í bæði klifurturninn og hoppukastala.

Rekstur Útilífsskólanna í samkeppni við sumarnámskeið ÍTR væri ekki mögulegur nema til kæmi starfsmannastuðningur, bæði frá Vinnumiðlun ungs fólks í Reykjavík og Vinnuskóla Reykjavíkur. Í ár fengust tveir starfsmenn frá VUF og fjórir frá VSR fyrir hvern skóla. Þegar nálgast sumarið fengust tveir 17 ára starfsmenn og kom það sér vel en betur má ef duga skal því mikið álag er á yfirmönnum útilífsskólanna og nauðsynlegt að þeir fái meiri stuðning eins og einn starfsmann til viðbótar sem er 18 ára eða eldri. Flest skátafélögin eru að ráða þennan aukastarfsmann á eigin kostnað sem þýðir að mjög stór hluti hagnaðarinnar úr námskeiðunum fer í þann kostnað og hefur það leitt af sér að skátafélögin velta fyrir sér hvort það borgi sig í raun að standa fyrir þessum námskeiðum eins og þau eru uppsett í dag. Ekki er hægt að hækka námskeiðsgjaldið því þá eru þau ekki samkeppnishæf á markaðinum.



3. Verkefni SSR

Reykjavíkurborg – Stuðningur og bakhjarl

Stjórnin vinnur stöðugt að því að ná hagstæðari þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Það mun reynast erfitt að bæta reksturinn ef ekki kemur til aukið fjármagn og er áherslan á að tryggja að öll skátafélög í Reykjavík séu með viðunandi aðstöðu til að reka sína starfsemi auk þess vonar stjórn SSR hægt verði að bæta við níunda skátafélaginu í Reykjavík í Grafarholti. Stjórn SSR hefur mætt jákvæðu viðmóti frá formanni og framkvæmdastjóra ÍTR.

Þjónustusamningur

2012 – Óbreytt voru framlög fyrir árið 2012 sem voru ákveðin vonbrigði þar sem gjöld sem greidd voru til baka af styrk borgarinnar hafa hækkað jafnt og þétt á meðan framlagið fylgir ekki verðlagi. Í viðræðum við ÍTR árið 2012 kom fram að möguleiki er á hækkun en það ferli er enn í vinnslu og mun skýrast á þessu ári.

2013 – Á árinu 2013 náðist sá árangur að þjónustusamningur við Reykjavíkurborg hækkaði auk þess sem að samningur um viðhaldsstyrk til skátaheimila var undirritaður. Þetta er jákvæð þróun en betur má ef duga skal. Viðhald skátaheimila í Reykjavík er brýn og upphæðin nægir alls ekki fyrir öllu því viðhaldi sem fram þarf að fara samkvæmt skýrslu um viðhald sem afhent var ÍTR á árinu 2012 og ÍTR

mat það svo að um þrjátíu milljónir þyrfti til að framkvæma allt það sem fram kom í skýrslunni. Stjórn SSR vill þakka stjórn ÍTR, formanni og framkvæmdastjóra og því starfsfólki Reykjavíkurborgar sem fer með málefni Skátasambandsins fyrir gott samstarf á árinu og lítum við til framtíðar með bjartsýni í huga.

2014 – Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg frá árinu áður stóð í stað en þó hefur SSR borist viðhaldsstyrkur til skátaheimila númer tvö og mun honum verða úthlutað á vormánuðum 2015.

Samstarf við BÍS – Stuðningur við skátastarf í Reykjavík

Skátasambandið á samstarf við Bandalag íslenskra skáta á mörgum sviðum skátastarfsins og skátafélaganna. SSR og BÍS eru jafnframt sameignaraðilar að umtalsverðum eignum, t.d. að Úlfjótssvatni. Hefur samstarfið gengið vel og vill SSR þakka starfsmönnum og stjórn BÍS fyrir það.

Húsnæðismál skátafélaga

Í Reykjavík eru núna 8 skátafélög. Af þeim eru 6 í ágætu húsnæði sem þó þarf að leggja til fjármagn fyrir viðhald. Aðstaðan sem skátafélög þurfa undir starfseminu er sérstök að því leyti að þeim fylgir mikill viðlegubúnaður, klifurgæjur, kaðlar, bönd, föndurdót, leður á veggjum, húsgögn og búsaðhöld, eldunaraðstaða og skrifstofa svo eitthvað sé nefnt. Það er ekki tilviljun að húsnæði skátafélaga er kallað skáta-



heimili. Þar þarf skátum að geta liðið vel og þar þarf að vera aðstaða fyrir börn og ungmenni til að þroskast í gegnum leik og starf. Þess vegna getur verið erfitt að samræma skátastarf við aðra starfsemi. Það er auðveldara fyrir aðra starfsemi að koma inn í Skátaheimili en fyrir skátastarf að fara inn hjá öðrum. Þetta helgast af sérstöðu skátastarfsins. Nú hafa tvö skátaheimili hleypt frístundaheimili inn í Skátaheimili sitt og hefur það gengið vel.

Einu skátafélagi vantar sárlega húsnæði en það er Segull í Seljahverfi. Skátafélagið Hafnir sem fjallað var um í síðustu ársskýrslu hafa fengið inni á frístundaheimili í efra Breiðholti og gengur það samstarf vel. Félagsstjórn Hafarna er sáttt við aðstöðuna og samstarfið og vill sjá hvernig málin þróast þannig að ekki er verið að leita að húsnæði fyrir þau í bili. Hafnir hafa vaxið og þar er greinilega rekið gott starf. Segull hins vegar þarf nauðsynlega að komast í betra húsnæði og óhætt er að segja að þeirra húsnæði stendur starfsemi þeirra fyrir þrífum. Hreyfing komst á málið seint á árinu 2014 og er það mál enn í skoðun. Ekki tókst að fá fólk í stjórn skátafélags í Grafarholti en þar er húsnæði sem við gátum fengið aðgang að. Áfram verður unnið í þessu máli en það er alveg ljóst að fá þarf gott fólk í stjórn áður en haldið er lengra.

Á haustmánuðum 2012 tóku skátafélögin saman ástands-skýrslu, hvert fyrir sitt skátaheimili, sem síðan var sett saman í eina heildar skýrslu og send til stjórnar ÍTR. Þessi ástands-skýrsla er lögð til grundvallar því að fá fjármagn til viðhalds og að bæta við aðstöðu fyrir skáta í Reykjavík. Nú höfum við fengið viðhaldsstyrki tvisvar og nú þegar hafa hafist framkvæmdir í nokkrum skátaheimilum. Samskiptin við ÍTR voru góð á árinu.

Starfssvæði skáta í borginni

Borginni er skipt upp í 10 svæði. Skátar eru starfandi í flestum þeirra þannig að Ægisbúar eru í Vesturbæ, Landnemar tilheyra Hlíðum og Miðborg, Skjöldungar Laugardal og Garðbúar Háaleiti. Tvö félög eru í í Breiðholti, Hafnir í efra Breiðholti og Segull í Seljahverfi. Í Árbæ eru Árbúar og í Grafarvogi er skátafélagið Hamar.

Ekkert skátafélag er á Kjalarnesi en í Grafarholti og Úlfarsárdal er verið að skoða með að hefja skátastarf. Stuðningur borgarinnar skiptir mjög miklu máli varðandi aðstöðu fyrir skátafélögin. Hafa þarf í huga að allt skátastarf er unnið í sjálfbæravinnu fyrir utan mjög lágt starfshlutfall sem er greitt en það er hugsað til að alltaf sé fullorðinn á staðnum þegar skátafundir eru haldnir og fyrir lágmarks



utanumhald á skrifstofu og samskipti við foreldra. Þetta starf fer alltaf langt fram úr því hlutfalli sem greitt er fyrir. Starfið gengur vel í skátafélögunum. Þau eru mismunandi stór. Þar sem baklandið er sterkt gengur yfirleitt betur.

4. Fastaráð og fulltrúar

Fastaráðin eru þrjú. **Úlfljótsvatnsráð** sem fylgist með rekstri Útílífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni en SSR á helming í rekstrinum á móti BÍS. **Minjanefnd skáta** en henni er ætlað að fylgjast með og sjá til þess að eldri gögn skátahreyfingarinnar skili sér inn í þjóðskjalasafn. **Hafravatnsráð** sem hefur það verkefni að stýra uppbyggingu við Hafravatn en þar hefur SSR alveg frábæra aðstöðu. Þar stendur til að gefa skátafélögunum í Reykjavík tækifæri til að byggja sér flokkaskála. Þar er hægt að halda skátamót og einnig að fara í útilegur. Hafravatn er mikilvægur vettvangur fyrir skáta í Reykjavík og þangað fara Útílífskólarnir í útilegu.

Fulltrúi SSR í stjórn Eignarhaldsfélags Úlfljótsvatns var Jónatan Smári Svavarsson, formaður ÚVR.

Að félaginu standa SSR 25%, BÍS 25% og Skógrægt Íslands 50%. Hutverk fulltrúans er að gæta hagsmuna SSR og í samráði við fulltrúa BÍS, sem er Friðrik Sophusson, að gæta hagsmuna skátahreyfingarinnar í heild sinni varðandi landnýtingu á Úlfljótsvatni.

Úlfljótsvatnsráð

Sveinbjörn Lárusson, kjörinn á aðalfundi
Arthúr Pétursson, kjörinn á aðalfundi
Hrönn Þormóðsdóttir, tilnefnd af stjórn

Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni

Útilífsmiðstöð skáta á Úlfjótsvatni er eitt best búna útivistarsvæði á Íslandi.

Skátasamband Reykjavíkur (SSR) á helmingshlut í Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni (ÚSÚ) á mótí Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Úlfjótsvatnsráð (ÚVR) er stjórn ÚSÚ og er hún skipuð 7 mönnum, þremur frá SSR og þremur frá BÍS. Sjöundi maðurinn er formaður og er hann tilnefndur af báðum aðilum.

Í ráðinu fyrir hönd SSR sátu árið 2014: Arthúr Pétursson, Hrönn Þormóðsdóttir og Sveinbjörn Lárusson. Formaður ráðsins var Jónatan Smári Svavarsson. Aðrir í ráðinu fyrir hönd BÍS sitja: Hermann Sigurðsson, Jón Ingi Sigvaldason og Laufey Gissurardóttir.

Starfsmenn ÚSÚ 2014 voru:

Guðmundur Finnbogason, framkvæmdarstjóri
Guðrún Ása Kristleifsdóttir, dagskrárstjóri (til sept. 2014)
Elín Esther Magnúsdóttir, dagskrárstjóri (frá sept. 2014)
Bergur Kr. Guðnason, umsjónarmaður fasteigna
Signý Gunnarsdóttir, aðstoðarforst. sumarhúða.

Starfsemin á Úlfjótsvatni hefur undanfarin ár farið í gegnum miklar breytingar til góðs. Viðhaldsverkefni á byggingum staðarins eru umfangsmikil og þung og munu taka tíma. Þó er sú aðstaða, sem byggð hefur verið upp á rúmum 70 árum, í fremstu röð meðal skátamiðstöðva (tilv. í ársskýrslu ÚSÚ). Á árinu 2014 var áhersla lögð á ástand staðarins, skipulag, öryggismál og tekjumyndun. Fjárhagsstaðan er á réttri leið.

Tekist hefur að breyta tapi árið 2013 yfir í hagnað árið 2014. Tekjur hafa aukist um rúm 60% á meðan gjöld hafa aukist um u.þ.b. 12%. Veltan hefur aukist um u.þ.b. 34%. Þó að fjöldi gesta á Úlfjótsvatni hafi heldur dregist saman þá hafa tekjur af hverjum gesti verið að aukast sem kemur til vegna aukinnar þjónustu til þeirra og breytt sölumynstur (tilv. í ársskýrslu ÚSÚ). ÚSÚ fær styrki bæði frá Reykjavíkurborg og úr Ríkissjóði auk þess sem fjölmörg fyrirtæki veita styrki í formi vara, þjónustu og afsláttum ýmiskonar (tilv. í ársskýrslu ÚSÚ). 10% af heildartekjum miðstöðvarinnar koma frá Reykjavíkurborg og tengist hann skólabúðum á Úlfjótsvatni. 3,6% af heildartekjum miðstöðvarinnar koma frá ríkinu í gegnum BÍS (tilv. í ársskýrslu ÚSÚ). Þakka ber fyrir stuðning sem þennan. Á árinu 2014 hafa einnig sjálfbóðaliðar gefið vinnu sína sem nemur vel yfir 4.000 vinnustundir.

Sumarbúðir skáta að Úlfjótsvatni

Sumarbúðir skáta á Úlfjótsvatni og Skólabúðir voru starfræktar árið 2014. Markmið sumarhúðanna er að veita börnum einstakt tækifæri til að komast í snertingu við náttúruna, að eignast félagi úr fjölbreyttum hópi, taka þátt í þroskandi leik og starfi og kynnst starfsaðferðum skátahreyfingarinnar. Árið 2014 var gerður nýr styrktarsamningur við borgina vegna skólabúða á Úlfjótsvatni (tilv. í ársskýrslu ÚSÚ).

Gilwell-hringurinn heldur áfram að laga Gilwell skálann og hefur verið unnið kraftaverk í viðhaldi á honum. Það er til fyrirmyndar hvernig til hefur tekist með verkefni Gilwell skálans og hvet ég alla sem geta að heimsækja Gilwell-skálann að Úlfjótsvatni en hann er opinn öllum um helgar að sumarlagi og hægt er að kaupa sér vöffur og súkkulaði.





Minjanefnd

Nefndin er samstarfsverkefni Landsgildis St. Georgsskáta, Skátasambands Reykjavíkur og Bandalags íslenskra skáta.

Fulltrúar í nefndinni eru þessir:

Tilnefndir af hálfu St. Georgsskáta:

Atli Bachman

Hilmar Bjartmarz

Tilnefndir af Skátasambandinu:

Björn Jón Bragason

Sigrún Sigurgestdóttir

Tilnefndir af Bandalaginu:

Fanney Kristbjarnardóttir

Karl Rúnar Þórsson

Hlutverk minjanefndar er umfram allt að stuðla að varðveislu skátamína, taka við, skrá og flokka skjöl, ljósmyndir, kvikmyndir, blöð, bækur og aðrar mínjar skáta. Skátamínjar á vegum minjanefndar hafa allar verið fluttar til varðveislu í húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands við Brautarholt.

Starf nefndarinnar hefur eingöngu falist í tiltekt og grófri flokkun muna í hinu nýja húsnæði, en ljóst er að vinna við flokkun, skráningu og frágang hefur verið tímafrekt verkefni sem tekið hefur nokkur misseri. Nefndin heldur áfram að finna skátamuni víðs vegar um landið.

Formaður nefndarinnar er Björn Jón Bragason, en hann vinnur jafnframt að ritun sögu skátastarfs í Reykjavík.

Hafravatnsráð

Á árinu 2014 var lítið aðhafst sem má rekja til þess að vant að hefur fjármagn. Stjórn SSR hefur verið að fara í gegnum eignabreytingar eins og kemur fram í kaflanum um fjármál. Stjórn SSR mun halda áfram uppbyggingu á svæðinu í samræmi við uppbyggingaráætlun Hafravatns eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Markmiðið er að skapa aðstöðu til útivistar og útilegu fyrir skátahópa og Útilífsskóla skáta í Reykjavík. Á landinu eru byggingarreitir fyrir átta flokkaskála. Útilífsskólar hafa notað aðstöðuna undanfarin ár fyrir útilegu og hefur SSR komið upp bráðabirgðaaðstöðu fyrir salerni á meðan.

Friðrikskapella og Árbæjarsafn

Friðrikskapella

Skátasambandi hefur undanfarin ár tilnefnt einn fulltrúa í kirkjunefnd Friðrikskapellu við Hlíðarenda en kirkjan var reist í minningu séra Friðriks Friðrikssonar og vígð árið 1993 á 125. ára ártíð hans. Fulltrúar æskulýðsfélaga sem sr. Friðrik stofnaði, KFUM og K, Knattspyrnufélagsins Vals, Knattspyrnufélagsins Hauka, Karladórsins Fóstbræðra og Skátafélagsins Væringja mynda þessa kirkjunefnd, en það er að sjálfsögðu hið síðastnefnda sem Skátasamband Reykjavíkur er hér fulltrúi fyrir. Fulltrúi Skátasambandsins í þessari nefnd er Ingi Rafn Ólafsson.



Árbæjarsafn

Tengiliður SSR við Árbæjarsafn er Atli Bachman, skipaður af stjórn. Hans hlutverk er að sjá um tengslin við Árbæjarsafn varðandi skátamálefni og skátaskálans sem nefndur er Væringjaskáli og áður stóð í Lækjarbotnum en er nú staðsettur á safninu.

5. Viðburðir

Sumardagurinn fyrsti 2014

Víða um borgina tóku skátafélögin þátt í hverfahátíðum með kaffisölu, leiktækjum, fánasveitum o.fl. Að venju var haldin skátamessa í Hallgrímskirkju að viðstöddum góðum gestum. Prestur var séra Birgir Ásgeirsson en Bergþóra Sveinsdóttir formaður nýstofnaðs Ungmennaráðs skáta flutti ræðu. Skátakórinn undir stjórn Skarphéðins Þórs Hjartarsonar sá um sönginn. Messunni var útvarpað í Ríkisútvarpinu.

Bandalag íslenskra skáta kemur til jafns við Skátasambandið að kostnaði við skátamessuna en framkvæmdin var að mestu í höndum Skátasambandsins.

Að kvöldi sumardagsins fyrsta var haldin grillveisla í boði SSR í skátaheimili Landnema. Þessi viðburður var fyrir dróttskáta og aðra eldri skáta af höfuðborgarsvæðinu sem hafði staðið fyrir sumarhátíðum um allt stór Reykjavíkarsvæðið um daginn. Tókst þessi viðburður mjög vel og var mikil ánægja með hann meðal þeirra skáta sem mættu.

Vefur þar sem hægt er að skrá börn í alla Útilífsskólana í Reykjavík var opnaður og sumarbæklingar um Útilífsskóla skáta í Reykjavík kom út þennan dag.

17. júní

Skátar í Reykjavík eru áberandi við hátíðarhöldin á þjóðhátíðardaginn. Fánasveit Reykjavíkurskáta stóð heiðursvörð á Austurvelli á meðan hátíðardagskrá stóð yfir og blóm-sveigur settur fyrir framan stytta Jóns Sigurðssonar. Þaðan var síðan gengið fylktu liði að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallagarði og stóð Fánasveitin heiðursvörð. Eftir hádegði leiddi Fánasveitin tvær skrudgöngur að miðbænum, aðra frá Haga og hina frá Hlemmtorgi. Göngustjóri var Fríða Björk Gunnarsdóttir en hún hefur haft það hlutverk undanfarin ár. Um 30 manns tóku þátt í fánasveitinni í ár.

Sem fyrr sá Skátasamband Reykjavíkur um að hafa leiktæki í Hljómskálagarði skv. samkomulagi við þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkurborgar. Ásamt Fánasveitinni tóku 100 skátar þátt í undirbúningi og framkvæmd dagskrár í Hljómskálagarðinum sem er eitt stærsta verkefni sem skátar í Reykjavík koma að fyrir borgarbúa. Dagskráin tókst vel og voru samstarfsaðilar SSR ánægðir með framkvæmdina.

Aðkoma skáta að þjóðhátíðarhöldunum er skrautfjöldur í starfi skáta í Reykjavík.





Barnamenningarhátíð

Skátasamband Reykjavíkur tók í fyrsta skipti þátt í Barnamenningarhátíð í Reykjavík árið 2014 með því að standa fyrir skátaratleik í miðbænum. Ratleiknum var stýrt af verkefnastjóra SSR og tóku um 20 skátar þátt í undirbúning og framkvæmd. Ratleikurinn var opinn öllum þann 1. maí. Þátttakendur fengu í hendur kort af svæðinu í kringum tjörnina í miðbænum og áttu að finna 10 pósta þar sem þau áttu að leysa mismunandi þrautir eins og blindrabraut, svifbraut, búa til náttúrulistaverk, kasta frisbee disk og klifra upp klifurvegg Skátalands svo eitthvað sé nefnt.

Mikil ánægja var á meðal þeirra sem tóku þátt en um það bil 500 manns tóku þátt í ratleiknum og margir settu inn skemmtilegar myndir á netið undir kassamerkinu #skatahatid.

6. Ársreikningar og fjármál

Fjárhagur Skátasambands Reykjavíkur er smátt og smátt að rétta sig við. Rekstrartekjur hækkuðu á milli ára um 4 milljónir. Þar kemur inn viðhaldsstyrkur upp á 2,5 milljónir frá Reykjavíkurborg.

Á árinu skrifaði stjórnin undir nýjan hagstæðari þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Samningurinn er til tveggja ára og þar náðum við fram smá hækkun. Enn erum við að vinna í húsnæðismálum og áhersla er lögð á að tryggja að öll skátafélög í Reykjavík séu með viðunandi aðstöðu til að reka sína starfsemi.

Stjórn SSR hefur mætt jákvæðu viðmóti frá formanni og framkvæmdastjóra ÍTR og með þeim höfum við skoðað ýmsar leiðir um húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar. Stefnt er á að finna lausn sem fyrst.

Rekstrargjöld hafa hækkað frá fyrra ári en hluti af því er viðhald sem núna er verið að framkvæma í meira mæli en áður. Einnig borguðum við fyrir skáta í Reykjavík rútu

og flutning á búnaði á Landsmót að Hömrum á Akureyri síðastliðið sumar. Síðan hafa laun og launatengd gjöld hækk- að á milli ára.

Langtímaskuldir og skammtímaskuldir hafa lækkað á milli ára. Eign var seld til að lækka skuldastöðuna, en SSR seldi BÍS hlut sinn í efri hæðinni að Hraunbæ 123 (skrifstofu og sameign) og við það tekur BÍS yfir lán í Arionbanka #35594. Uppgjör hefur ekki átt sér stað vegna vandræða varðandi þinglýsingu á H 123. Því er lánið enn á SSR en uppgjör mun ljúka á vormánuðum 2015. Eignin hefur alltaf verið þinglýst á SSR en núna er búið að gera eignarskiptasamning og þegar þessu lýkur þá mun upphæð fasteignagjalda fyrir eign BÍS hætta að dragast frá styrk Reykjavíkurborgar til SSR. Gert er ráð fyrir að sú upphæð nemi um 1,7 milljón á ári.

Stjórnin hefur gert ÍTR grein fyrir stöðu húsnæðismála þar sem eitt félag þarf nauðsynlega að fá úrlausn fyrir sig og eru þau mál í vinnslu. Viðhalds verkefnum var sinnt í 4 félögum á árinu Hamar, Skjöldungum, Árbúum og Landnemum. Viðhaldstyrkur hefur borist fyrir árið 2015 uppá 2,5 milljónir og verður úthlutað úr honum á vor mánuðum eftir forgangi.

Rekstur á Útílfstöðinni á Úlfjótuvatni árið 2014 er í mun betri lagi núna en árið 2013 og varð þar góður viðsnúningur þannig að reksturinn er kominn í rétt horf og lítur framtíðin mun betur út.

Skátaland

Árið 2014 var 15. starfsár Skátalands og var starfsemin á svipuðum nótum og árið á undan. Rekstur Skátalands er í dag rekið sem fjárflyunarleið fyrir Skátasamband Reykjavíkur. Tveir skátar störfuðu fyrir Skátaland árið 2014 og komu þeir starfsmenn frá Reykjavíkurborg. Á árinu var fjárfest í 4 hoppuköstulur sem keyptir voru frá Kína og mikið af tækja- búnaði var endurnýjaður. Rekstur Skátalands gekk nokkuð vel miðað við rigningu sumarsins og skilaði hagnaði.



7. Lokaorð og þakkir

Stjórn Skátasambands Reykjavíkur þakkar öllum þeim fjölmörgu skátum sem af áhuga hafa unnið að verkefnum á vegum SSR, bæði í stjórnunarstörfum, störfum í ráðum, nefndum og að öðrum verkefnum á vegum SSR og lagt fram ómælda vinnu og tíma. Ennfremur þakkar stjórnin félags- foringjum og stjórnnum skátafélaganna og öðrum skátum í Reykjavík samstarfið á starfsárinu 2014. Einnig þakkar stjórn SSR fyrir gott samstarf við formann og framkvæmdastjóra ÍTR.

Lagt fram á aðalfundi SSR, 26. mars 2015.





Ársskýrsla 2014